

Fundur foreldrafélags Hjalla

Mánudagurinn 25.janúar 2021

Mættir: Íris Helga Baldursdóttir, Gerða Kristinsdóttir, Barbara Rut Bergþórsdóttir, Brynhildur Pálmarsdóttir, Þórunn Sigurðardóttir og Sunna Magnúsdóttir.

Formaður 2021-2022 Sunna Magnúsdóttir

Gjaldkeri 2021-2022 Gerða Kristinsdóttir

Ritari 2021-2022 Barbara Rut Bergþórsdóttir

1. Foreldraframlag

Útgjöld foreldrafélagsins hafa verið lægri en undanfarin ár sökum Covid. Helstu útgjöld síðastliðins árs hafa verið matargjafir frá Brikk til starfsfólks, jóllaleikrit og vorhátíð. Í mörg ár hefur foreldrafélagið leigt svið fyrir vorhátíðina og kom upp sú hugmynd að láta byggja svið á lóðinni. Íris Helga var búin að rissa upp fína mynd af sviðinu og komu upp þær hugmyndir að óska eftir foreldraframlagi eða kaupa vinnuna. Fengið var tilboð í sviðið sem hljóðaði upp á 370.000 kr. Samþykkt einhljóða að taka fyrirbyggjandi tilboði í verkið. Íris Helga tekur málið áfram og setur sig í sambandi við smiðinn.

2. Vorhátíð

Tekin ákvörðun um að hafa hana með svipuðu sniði og í fyrra vegna Covid, en þá var hún foreldralaus. Boðið var upp á popp, safa og sirkus atriði.

3. Fyrirlestur um svefn

Það kom upp sú hugmynd að fá Dr.Erlu til að halda sameiginlegan rafrænan fyrirlestur fyrir Hjalla og Barnaskólann og deila kostnaði. Sunna og Þórunn ætla að taka það upp með foreldrafélaginu hjá Barnaskólanum.

4. Umferðaröryggi

Mikil umferð í nágrenni við skólann og leikskólann. Þórunn fjallaði um skýrslu sem unnin var af Eflu í tengslum við umferðaröryggi í kringum skóla, Barnaskóli Hjallastefnunnar var ekki í skýrslunni. Þar kom m.a. fram að lýsingu vanti víða og sé þörf á að bæta umferðaröryggi í kringum skóla. Þórunn sendi ábendingu í gegnum ábendingagáttina fyrir hönd foreldrafélags Barnaskólans og fékk svar þess efnis að erindið væri mótttekið. Stungið var upp á að nú kæmi ábending frá foreldrafélagi leikskólans. Barbara bauð sig fram í verkefnið.

5. Hrós til starfsmanna

Foreldrafélagið þakkar starfsfólki Hjalla fyrir frábæra upplýsingagjöf á tímum Covid. Mikil ánægja hefur verið með upplýsingagjöf í gegnum Facebook síðu og vikulega pósta.